

Notandi: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is  
Dagsetning: 18.6.2021 10:28:10  
Til: "USK Þjónustu netfang" <usk@reykjavik.is>  
Efni: Bókun íbúaráðs Vesturbæjar vegna mögulegra endurbóta á yfirborði samhliða framkvæmdum Veitna frá Vesturgötu til Mýrargötu

-----  
Tilvísun í mál: R21060173

Með kveðju  
**Heimir Snær Guðmundsson**

Starfsmaður íbúaráða  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/  
Reykjavík's office of Human Rights and democracy  
Ráðhús Reykjavíkur/Reykjavík City Hall  
Netfang/Email: [Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is](mailto:Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is)  
Sími/Tel: +354 665 4855

Reykjavík, 18.  
júni 2021  
R21060173

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK

Efni:

***Bókun íbúaráðs Vesturbæjar vegna mögulegra endurbóta á yfirborði samhliða framkvæmdum Veitna frá Vesturgötu til Mýrargötu***

Á fundi íbúaráðs Vesturbæjar þann 16. júní 2021 fór fram umræða um mögulegar endurbætur á yfirborði samhliða framkvæmdum Veitna frá Vesturgötu til Mýrargötu, sbr. 4. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Íbúaráð Vesturbæjar lagði fram svohljóðandi bókun:

Svæðið sem nú er búið að grafa upp býður uppá nýja möguleika, byggingaframkvæmdir eru fyrirhugaðar við báða endana (Bræðraborgarstígur 1 og Vesturbugt) og því væri tækifæri til að skoða svæðið í heild með tilliti til almenningsvæða, fá alla hagaðila að sama borði (Reykjavíkurborg, aðstandendur framkvæmdaraðila uppbyggingarreita og íbúa hverfisins.) Nú þegar farið er í þessar endurbætur, leggjum við til að framkvæmdir verði undirbúnar með endurhönnun á yfirborði með tilliti til Græna plansins, umferðaöryggis, aðgengis fyrir alla, hjólastíga og sjálfbærra hverfa. Í hverfið vantar til dæmis aðstöðu til úti líkamsræktar og

frekari ræktunar. Hönnunar og samráðsferli þyrfti að fara í gang sem fyrst þannig að hönnun liggi fyrir þegar Veitur ganga frá framkvæmdunum. Við leggjum til að ráðinn verði landslagshönnuður og samráðsferla-hönnuður (þjónustuhönnuður?) til þess að vinna þetta með borginni og hagaðilum. Hér er möguleiki á að auðga græn svæði, gera samnýtt rými og bæta tengingar til framtíðar, og einnig að sýna þessu viðkvæma svæði ákveðna virðingu eftir að mikið hefur gengið á. Ólík svið innan Reykjavíkurborgar gætu komið að málinu, mannréttindaskrifstofa, borgarhönnun og deild opinna svæði. Við leggjum til að Reykjavíkurborg setji nú þegar í gang vinnuhóp til að kanna möguleikana og koma með uppástungur.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt

Heimir Snær Guðmundsson




Til: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is  
Efni: Fw: Bókun íbúaráðs Vesturbæjar vegna mögulegra endurbóta á yfirborði samhliða framkvæmd  
Veitna frá Vesturgötu til Mýrargötu  
Upplýsingar: Sent: 13.07.2021 15:11:03 af María Nielsdóttir, Málsnúmer: USK2021060074, Bréfalyklar: 3.3  
Hverfaskipulag Reykjavíkur

Sæll Heimir, áframsendi þér meðfylgjandi upplýsingar frá Rebekku Guðmundsdóttur, varðandi framkvæmdir við Mýrargötu og tengingar við hana:

Mýrargata er ein af borgargötunum okkar samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Mýrargata mun fara í endurhönnun og munu þá tengingar við götuna skoðaðar samhliða endurhönnuninni þar ef uppbygging á aðliggjandi lóð umrædds svæðis verður ekki hafin. Á þessum tímapunkti þykir því ekki tímabært að fara í hönnun né framkvæmd á þessu svæði.

Virðingarfyllt

<b>Rebekka Guðmundsdóttir</b>
<b>Deildarstjóri- Borgarhönnuður</b>
Sími/Tel.: +354 862 1900 / 411 1111
<a href="mailto:rebekka.gudmundsdottir@reykjavik.is">rebekka.gudmundsdottir@reykjavik.is</a>
 <p>Virðing fyrir umhverfinu Fagmennska í hverju verki Þjónusta við samfélagið</p>
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
<a href="http://www.reykjavik.is">www.reykjavik.is</a>

Með kveðju, María